



## Beiðni um veðflutning

### Upplýsingar vegna lána hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Lánanúmer	Upphafleg fjárhæð	Útgáfudagur
Lánanúmer	Upphafleg fjárhæð	Útgáfudagur

### Upplýsingar um veð og skuldara

Skráður aðalskuldari	kt. aðalskuldara
Samskuldari	kt. samskuldara
Lánið óskast flutt af eigninni	Núverandi veðréttur
Yfir á eignina	Veðréttur lánsins verður

Áhvilandi lán á undan og aðrar upplýsingar

Skuldari/umboðsmaður sér sjálfur um þinglýsingu

Sjóðurinn sér um þinglýsingu

### Fylgiskjöl

Nýtt veðbókarvottorð vegna allra fasteigna í eigu lántaka.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna útvegi veðbókarvottorð.

Fasteignamat Þjóðskrá Íslands vegna eignar í eigu lántaka eða fasteigna sem hann hyggst kaupa.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna útvegi fasteignamatvottorð.

Nýjar eftirstöðvar áhvilandi lána eða síðustu greiddu greiðsluseðla (kvittanir).

Afrit af tryggingarbréfum sem hvíla á eigninni (ef við á).

Afrit af þinglýstum kaupsamningi (ef við á).

Verðmat frá löggiltum fasteignasala. (Í samráði við starfsmenn sjóðsins)

Vottorð um smíðatryggingu sé eign í smíðum (ef við á).

Greiðslumat, óski sjóðurinn eftir því.

**Athugið að skilyrði er að lán umsækjanda hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna séu í fullum skilum.**

### Afgreiðsla umsóknar

Umsókninni verður svarað símleiðis eða með tölvupósti þegar öll nauðsynleg gögn hafa borist sjóðnum og þau yfirfarin.

Sjóðnum er heimilt að hafna umsókn ef niðurstaða lánshæfis- og/eða greiðslumats gefur tilefni til þess.



## Upplýsingar um stjórnámálaleg tengsl vegna peningaþvættis og fjármögnun hryðjuverka.

Hefur þú/þið, náinn fjölskyldumeðlimur eða náinn samstarfsmaður verið í háttsettu starfi í opinberri þjónustu sl. 12 mánuði? Já      Nei

[Ef já, hvernig eru stjórnámálaleg tengsl komin til?](#)

### Til háttsettra einstaklinga í opinberri þjónustu teljast:

- þjóðhöfðingjar, ráðherrar og staðgenglar ráðherra eða aðstoðarráðherrar
  - þingmenn
  - einstaklingar í framkvæmdastjórn stjórnámálaflokka
  - hæstaréttardómarar, dómarar við stjórnlagadómstóla eða aðrir háttsettir dómarar við dómstóla þaðan sem niðurstöðu er ekki hægt að áfrýja nema í undantekningartilvikum
  - dómarar við endurskoðunardómstóla og hæstráðendur seðlabanka
  - sendiherrar, staðgenglar sendiherra og háttsettir yfirmenn herja
  - fulltrúar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækja í eigu ríkis
  - framkvæmdastjórar, aðstoðarframkvæmdastjórar og stjórnarmenn alþjóðasamtaka og alþjóðastofnana
- Störf sem talin eru upp í a–h-liðum eiga ekki við um millistjórnendur

### Til nánustu fjölskyldumeðlima teljast:

- maki eða sambúðarmaki í skráðri sambúð
- börn, stjúpbörn og makar þeirra eða sambúðarmakar í skráðri sambúð
- foreldrar

### Til náinna samstarfsmanna teljast:

- einstaklingar sem hafa verið í atvinnurekstri með einstaklingi sem er eða hefur verið háttsettur í opinberri þjónustu
- einstaklingar sem hafa átt nán viðskiptatengsl við einstakling sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu
- einstaklingur sem er einn raunverulegur eigandi lögaðila sem vitað er að var stofnaður til hagsbóta fyrir einstakling sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu

### Aðrar upplýsingar sem lántaki vill koma á framfæri:

<sup>1</sup> Ef aðstæður varðandi stjórnámálaleg tengsl breytast hjá lántaka á meðan samningssambandi stendur getur lántaki haft samband við sjóðinn og óskað eftir því að skráningunni sé breytt.



## Samþykki umsækjanda og samskuldara (ef við á) fyrir öflun og notkun upplýsinga úr fjárhagskerfum og fjárhagslegra upplýsinga og annarra gagna í tengslum við lánsúmsókn þessa og greiðslumats.

Ég undirritaður/við undirrituð veiti/veitum Lífeyrissjóði verzlunarmanna, kt. 430269-4459, fullt og ótakmarkað umboð til þess að óska eftir upplýsingum um stöðu allra útlána og annarra fjárskuldbindinga sem ég/við nú stend/stöndum í við fjármálastofnanir og opinbera aðila, hvort sem um er að ræða banka, sparissjóði, lífeyrissjóði, skattayfirvöld, Íbúðalánasjóð, Innheimtustofnun sveitarfélaga eða aðrar fjármálastofnanir eða opinberar stofnanir, ásamt öllum öðrum gögnum tengdum þeim fjárskuldbindingum og skyldum mínum/okkar, þ.m.t. hvort þau séu í vanskilum eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila. Umboðið veitir jafnframt heimild til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. eða annars aðila sem hefur heimild til slíkrar gagnaöflunar og skilar yfirliti sem m.a. inniheldur framangreindar fjárskuldbindingar.

Umboð þetta veitir Lífeyrissjóði verzlunarmanna jafnframt heimild til að sækja upplýsingar um lánshæfismat mitt/okkar til Creditinfo Lánstrausts hf. áður en ákvörðun er tekin um lánafyrirgreiðslu og á meðan lánsviðskipti aðila eru fyrir hendi, enda byggir notkun lánshæfismatsins ætíð á lögvörðum hagsmunum lífeyrissjóðsins. Lánshæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni (alla jafna næstu 12 mánuði) og byggir á upplýsingum sem Creditinfo býr yfir, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá, hlutafélagaskrá, skattskrá, upplýsingum um uppflettingar í skrár Creditinfo, o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um þróun vanskila og lánshæfismats.

Einnig veitir umboðið Lífeyrissjóði verzlunarmanna heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína/okkar, þ.e. fasteigna- og ökutækjaeign, í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra upplýsinga skv. 6. tl. 3. gr. nr. 90/2018. Þá er sjóðnum heimilt að afla annarra gagna sem nauðsynleg kunna að vera til framkvæmdar greiðslumats og í tengslum við lánveitinguna og ekki liggja þegar fyrir, svo sem upplýsingar í tengslum við peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Framangreint samþykki um öflun og notkun upplýsinga er í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, einkum 8. tl. 3. gr. og 1. og 2. tl. 1. mgr. 9. gr.

Samþykki þetta fellur úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Lífeyrissjóður verzlunarmanna heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til. Heimilt er einnig að afturkalla samþykki þetta að því marki sem sjóðnum er ekki nauðsynlegt að afla umræddra gagna vegna lánsviðskipta sem ekki er lokið og tekur afturköllun gildi 30 dögum eftir að sjóðurinn hefur sannanlega mótttekið skriflega afturköllun.

**Undirrituð/aður/aðir lýsa hér með yfir að hafa kynnt sér lánareglur og veðkröfur sjóðsins.**

### Undirskrift

Staður og dagsetning

Undirskrift aðalskuldara

Símanúmer Netfang aðalskuldara

Ef beiðnin er samþykkt er útbúinn viðauki við skuldabréfið sem allir hlutadeigendur þurfa að undirrita. Því skjali er þinglýst hjá viðkomandi sýslumannsembætti.

Undirskrift samskuldara

Símanúmer Netfang samskuldara

Aðrar upplýsingar sem lántaki vill koma á framfæri:

Meðferð sjóðsins á persónuupplýsingum umsækjanda má finna hér.



PRENTA

VISTA

HREINSA